

Svífðu litla, léttla blað...



Heil og sæl, öll!

Í þetta sinn er fréttabréfið í formi fróðleiksmola um hugtakið *tvítýngi* og ýmsa fleti þess.

Við getum byrjað á því að skipta hugtakinu í samfélagslegt tvítýngi og einstaklingsbundið tvítýngi. Öfugt við það sem við þekkjum er tvítýngi hluti af daglegu lífi hjá mörgum þjóðum, t.d. á Norðurlöndum og í Sviss.

Fræðimenn byrjuðu að skrifa um tvítýngi fyrir miðja síðustu öld og þá aðhylltust þeir þá skilgreiningu að aðeins sá væri tvítýngdur sem hefði alist upp við tvö mál og hefði jafna færni í þeim báðum. Á síðustu árum hafa menn horfið frá álíka þröngum skilgreiningum og í dag er t.d. stuðst við *notkunarviðmið* en þá er skoðað hvaða tungumál viðkomandi er fær um að nota við ólíkar aðstæður.

Tvítýngd börn eiga það sameiginlegt að þau eru að læra tvö tungumál á sama tíma. Þó að þau hafi oft góðan grunn í móðurmáli sínu hafa þau ekki náð fullum tókum á því máli, frekar en íslenskir jafnaldrar þeirra á íslensku. Flestar rannsóknir sýna að málproskastig þessara barna í öðru máli er ekki sambærilegt málproskastigi eintýngdra jafnaldra þeirra. Það skýrist að stærstum hluta af því að þau hafa oftast haft mun minni tíma til að tileinka sér tungumálið.

Heildarmálkunnátta tvítýngdra barna dreifist á tvö tungumál. Réttmætt mat á kunnáttu þeirra verður þess vegna að taka tillit til beggja málanna og við verðum að gæta okkar á því að gleyma ekki málkunnáttu þeirra í móðurmáli sínu. Þau eru að læra málfræði og orðaforða tveggja mála í einu og þess vegna er málproskafærlí hvors máls oft hægara en hjá eintýngdum börnum.

Tvítýngd börn nota stundum orð eða setningar úr báðum málunum en það þykir eðlilegt og ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því. Smám saman verða þau leikin í því að skipta áreynslulaust á milli mála eftir aðstæðum og viðmælendum hverju sinni.

Bestu kveðjur,

Helga

Úr skólastofunni:

Erlendur nemandi á miðstigi er að læra íslensku og bæta við orðaforða sinn.

Hann hefur lært að afkvæmi kattarins heitir kettlingur.

Kennarinn spyr hvort hann viti hvað afkvæmi hundsins heiti og nemandinn svarar að bragði: **hundlingur!**

- Rökrétt svar þegar maður þekkir orð eins og kettlingur og unglundur 😊

